

pórhildur


blað íslendinga í kaupmannahöfn



1. tölublað

2. árgangur

febrúar 1984



ÍSLAND HVERJA VIKU

HAFSKIP FLUTNINGAPJÓNUSTA



Við komum heimili þínu í örugga höfn

Stóllinn, námsbækurnar, öll búslóðin ...
kemst á öruggan hátt heim til Fróns.

- ★ Hentugir gámar
- ★ Leiðbeiningar um pökkun
- ★ Þjónum öllu landinu.

Vikulegar siglingar

Hirtshals	— Mánudag
Álaborg	— Þriðjudag
Fredericia	— Miðvikudag
Kaupmannahöfn	— Mánudag
Einnig vikulegar siglingar til Gautaborgar og Frederiksstad.	

Ræðið við Hafskip áður en þið
byrjið að pakka niður.
Íslenskt starfsfólk.
Flutningaþjónusta, sími
01-18 54 55



HAFSKIP

Færgehavn Nord — Skudehavnsvej 3
DK-2100 København Ø

Til lesenda

Þórhildur vill í nafni Íslendingafélagsins og Námsmannafélagsins óska lesendum sínum gleðilegs árs og þakkar fyrir liðið.

Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að líta um öxl, eins og svo oft er gert um áramót, eða upp úr þeim.

Þórhildur er nú orðin um það bil ársögmul, og hefur henni vaxið fiskur um hrygg með hverju tölublaði. Tilveruréttur hennar hefur verið sannaður, og sést það best á því að fólk er farið að bíða eftir hverju tölublaði. »Fer ekki næsta blað að koma?« Hún flytur lesendum sínum eitt og annað utan dagskrár félaganna, bæði fróðleik og skemmtiefni, sem fallið hefur þeim vel í geð. En þetta kostar allt peninga, og er því verkefni ritstjórnar og félagastjórna að treysta fjárhagsgrundvöll blaðsins nú á næstu tímum, því ekki viljum við missa okkar ágætu Þórhildi.

Eitt og annað er einnig vert að minnast á. FÍNK varð nírætt á sl. ári og fagnaði þeim tímamótum með miklum glans. Íslendingafélagið átti ekki stórafmæli á árinu, en hélt upp á

árið með því að vera bæði utan og innan SÍDS, og voru þær sviptingar svo örur, að fólk var hætt að fylgjast með, að undanskildum þeim sem í átökunum stóðu. Á endanum stóð félagið síðan uppi utan SÍDS, og verður tíminn að leiða í ljós hvort sú ákvörðun hafi verið til heilla fyrir félagið og félagsmenn.

Samstarf félaganna var upp og ofan á árinu, þótt undarlegt megi virðast. Læðist sá grunur að þeim sem nýkomnir eru á leikvanginn að þar hafi verið um að ræða ágreining milli manna en ekki málefna, því með tilkomu nýrra manna að miklu leyti, í stjórnir félaganna, hefur hvorki heyrst stuna né hósti í þessa átt, heldur hafa félögin starfað saman sem einn maður, hvað þau eiga líka að gera. Skulum við vona að það haldist, og félögin beri gæfu til að starfa heilshugar saman að hagsmunamálum sínum, í stað þess að eyða tíma og kröftum í heimskulegt rifrildi sem eyðileggur allan félagsanda og gerir félagsstörf fráhrindandi.

Gunnlaugur Júlíusson

Forsíðan: Forsíðumyndin er eftir Sigurborgu Stefánsdóttur.

Þórhildur

ÞÓRHILDUR — blað Íslendinga í Kaupmannahöfn.

2. árgangur, 1. tölublað, febrúar 1984

Útgefandi:	Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn og Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn
Ritstjórn:	Ársæll Harðarson, Erlendur Hjaltason, Guðmundur Örn Gunnarsson, Sigurður Jóhannesson, Pálmi Guðmundsson og Oddgeir Þórðarson
Upplýsingar:	Guðmundur Örn Gunnarsson, sími 01-35 65 17
Auglýsingar:	Ársæll Harðarson, sími 01-22 04 25
Setning:	Lægeforeningens forlag
Prentun:	Mohns Bogtrykkeri
Upplag:	1200 eintök
Heimilisfang:	Øster Voldgade 12, 1350 København K
Gíróreikn.:	1 56 33 00

Eftirprentun óheimil nema með sérstöku leyfi

Staða konunnar í kvennabaráttunni?

Ég sat einu sinni með vinkonu minni, velgreindri, og kvenréttindakonu mikilli.

Ræddum við hin ýmsu vandamál sem finnst, og einstaklingar eiga við í samfélaginu, og nú virðast ekki kölluð annað en vandamál kynjanna. Og dregin í dilka samkvæmt því, hvar fólki þykir hæfa.

Meðal annars barst talið að kvennaathvarfinu og nauðsyn þess. Hún fræddi mig á því, að nauðsyn athvarfsins byggði á því, að pangað gætu þær konur sótt sem byggju við ofríki, og jafnvel barsmíðar, sambýlis-eða eiginmanna sinna, sem undantekningarlaust væru drykkju-menn.

Nú, við ræddum drykkjuvandamál.

Ég sagði henni, að mig minnti að ég hefði lesið einhversstaðar, að ofdrykkja væri miklu tíðara vandamál hjá konum heldur en mönnum. Samt væri meira um að konur slitu sambúð við menn vegna drykkju, og svona yfirleitt.

Einnig að ég þekkti mann sem byggi við svona vandamál. Og það væri ekki af ást og virðingu fyrir konu sinni, að hann legði þetta á sig. Heldur teldi ég, að það væri frekar af virðingu fyrir móður barna sinna.

Og aldrei hefði nokkur, hvorki ég né annar, heyrð eða vitað til þess að hann hefði misst stjórn á sér í orði eða verki gagnvart henni, eða hallmælt. Og væri ekki hægt annað en að dást að þessu, jafnvel þvert gegn vilja sínum. Og það hlýtu allir að gera sem reynt hefðu og séð eitthvað svipað og hann, eða þekktu til.

Vinkona mín var á annarri skoðun.

Hún sagðist ekki skilja menn, sem létu bjóða sér að búa við svona hlut. Það væri ekkert nema aumingjaskapur, og svona menn væru ekkert nema vesalingar. Þessi skoðun vinkonu minnar sló mig svolítið út af laginu, gat ég ekki svarað henni, og lét það því ógert. Enda vorum við, þ.e.a.s. ég og vinkoma mín, ekki karlmaður og kvenmaður að metast, heldur tvær manneskjur að ræða saman og velta málum fyrir okkur.

Það var ekki fyrr en seinna, ég fór að velta þessu nánar fyrir mér, og komst að þeirri niðurstöðu, að vinkona mín hefði að öllum líkindum rétt fyrir sér. Það væri ekkert nema aumingjaháttur og sjálfum manni að kenna, þær líkamlegu misþyrmingar og sú andlega sálarpína sem maður gengi í gegnum að búa við svona hlut.

Engum til hróss, og ekkert til að dást að.

Út frá þessum bollaleggingum komst ég að þessari niðurstöðu: »Það getur enginn farið verr með þig, en þú vilt sjálfur (sjálf).«

Samt virtist mér viðhorf vinkonu minnar, þegar ég rifjaði það upp, ekki alveg koma heim og saman við mitt.

Hún virtist reikna dæmið einhvern veginn svona:

Manneskja býr við ofríki maka síns, og þarf að pola misþyrmingar af hans hendi, andlegar eða líkamlegar, jafnvel hvorttveggja. Ef það er maður þá er hann vesalingur, ef það er kona þá hún bágt!«

En þetta hefur hún örugglega ekki meint.

Því ég get ekki lesið annað út úr þessu en að hver sú kona sem hugsar svona, viðurkenni sjálfa sig, og þá kynsystur sínar sem veikara kynið.

Nei, það sem hún hlýtur að hafa meint er, að karlmaður og kvenmaður sem búa við þær aðstæður sem getið er um fyrr, eiga annað hvort jafnbágt, eða eru bæði jafnmiklir vesalingar.

KVENNAATHVARFIÐ

Nú langar mig að víkja aftur að kvennaathvarfinu. Ekki hafa karlmenn enn sem komið er, sett upp athvarf fyrir sig og sína, og vona ég að það verði aldrei. Hef ég þó oft séð karlmann bæði beygðan og brotinn vegna samskipta sinna við konu.

En ekki er langt síðan að sett var upp athvarf fyrir kvenfólk, sem verður að flýja eða er hrakið frá heimilum sínum.

Á þeim stutta tíma sem athvarfið hefur verið til staðar, hefur það gert eitt, og aðeins eitt. Sýnt okkur svo ekki verður um villst, að barsmíðar manna á konum sínum er hlutur sem er til staðar í samfélagi okkar. Ekki síður nú, en fyrir 100 árum, eða bara daginn áður en að athvarfið var sett á laggirnar. Og ég á ekki von á því, að barsmíðunum linni, þó einhver samtök séu, og geti skotið einhverju skjólshúsi yfir lúbarðar konur.

Þannig að ekki hefur verið leyst neitt vandamál, eða sigrar unnir. Hefur þá kvennahreyfingin engu áorkað með þessu framlagi sínu?

Við skulum sjá.

Hvert gátu konur leitað, áður en kvenna-

athvarfið kom til sögunnar? Þær gátu leitað til foreldra, vina, og vandamanna. Væri ekki þessu til að dreifa, þá var alltaf hægt að leita til viðkomandi yfirvalda. Lögreglu. Og nú hefur kvennaathvarf bæst við. Og með tilkomu kvennaathvarfsins gætu nú hlutirnir hugsanlega farið að breytast, og þá kannski orðið einhvern veginn svona:

Dóttirin nýsloppin úr klóm eiginmanns síns, lemur í dauðans ofboði á dyrnar, móðirin hendist til dyra, opnar og horfir framan í dóttur sína, nefbrotna með sprungna vör: »Guð minn almáttugur, hvernig ertu útlits. Komdu inn fyrir, ég ætla að hringja á bíl og það er ekkert sem heitir, þú ferð beint niður á kvennaathvarf. (Segir svo með punga í röddinni). Þú ert heppin að hann pabbi þinn er ekki heima. Það er ég viss um, að sæi hann á þér útganginn núna, þá myndi hann lemja þig.

Sleppum öllu gamni.

Jafnhæðilegt og það er fyrir konu að þurfa að pola barsmíðar manns, eða vita kynsystur sína þurfa þess, jafnskammarlegt er það fyrir mann að leggja hendur á konu, eða vita það upp á annan mann. Svo þetta er vandamál sem varðar karlmenn jafnt og kvenmenn, og þar af leiðandi samfélagið sjálft.

Svo hvað hefur kvennahreyfingin gert?

Hún hefur tekið eitt vandamál samfélagsins, hvorki bætt það né leyst, heldur gert það að sínu eigin baráttumáli.

Því það er vitað mál, að öll samtök eða hreyfingar verða að eiga sér baráttumál til að geta starfað.

Og ef kvennaathvarfið á að vera eitthvert framlag í baráttunni gegn þeim vanda, sem misþyrmingar á konum, á heimilum er, þykir mér vægast sagt vera byrjað á vitlausum enda. Kvennaathvarfið leysir engan vanda. Það þrífst á honum.

Ennfremur er það ekki sannað mál, þó kvennaathvarfið þrífist vel, að þörfin fyrir það sé jafnrík og kvennahreyfingin vill láta, og fleiri.

Það hefur sýnt sig að hlutir geta þrífist vel í samfélaginu, jafnvel þó samfélagið hafi ekki mikla þörf fyrir þá. Og það vita flestir, og þá sérstaklega bændur, að það má lengi halda hundi söddum, hafi hann bein að naga.

KVENNAHREYFING – KVENNABARÁTTA

Snúum okkur að öðru.

Nú skulum við reyna að skilja kvennahreyfinguna og hvað hún er að fara.

Hér í Danmörku er starfandi kvennahrey-

fing, öflug og virk, að ég held. Hún hefur verið feiknadugleg og henni hefur áunnist mikið hér. Staðið dyggan vörð um hagsmuni sína, og barist grimmt fyrir réttindum sínum. Árangurinn leynir sér ekki. Það er mikið um það að konur gegni toppstöðum (eins og það er kallað) hér í Danmörku. Jafnvel meira en annars staðar? Þessar konur hafa sýnt og sannað, að þær eru vel að stöðu sinni komnar (verið jafnvel með show, eins og það er kallað á útlensku t.d. innan kirkjunnar).

En eitt virðist alveg fara framhjá kvennahreyfingunni hér í Danmörku.

Það er það misrétti og sú neyð, sem þúsund kvenna búa við hér.

Innflytjendakonur.

Þessar konur koma hingað, fara beint inn í eldhúsið, og aðeins örfáar stíga þaðan út aftur. Margar hafa verið hér í fjölda ára og kunna ekki einu sinni tungumálið ennþá, heldur verða algerlega að stóla á börn sín í því sambandi. Já eða eiginmann sinn? Og við vitum nú öll hversu þægilegt það er. Að maður tali nú ekki um, ef hann skyldi er einn af þessum með kraftadelluna. Ég er ekki viss um að hann myndi eftir því, að segja henni frá kvennaathvarfinu.

Manneskja sem ég þekki, varð einu sinni vitni að því, þegar svona kona kom inn á spítala. Með sér hafði hún 8-9 ára gamalt barn, og í gegnum það talaði hún, og barnið reyndi eftir að útskýra, hvað amaði að ömmu erfiðlega gekk nú samt að skilja barnið, og voru þau send heim og sagt að koma aftur á morgun, með einhverjum sem talaði dönsku. Þau komu ekki.

Þetta er aðeins ein saga sögð.

En hinar sögurnar sem ósagðar eru?

Um konurnar sem fæða börn sín heima hjá sér (og þið megið trúa því, að þær eru til), og konurnar sem aldrei fara á spítala, eða til læknis. Heldur drepast bara drottni sínum á eldhúsgólfinu þegar að því kemur.

Þessar konur sem búa við hrikalega einangrun, misrétti og neyð, eru ekkert upplýstar um rétt sinn sem konur í samfélaginu. Hvað þá að nokkur standi vörð um hann. Þarna hefði ég haldið að væri brýnt verkefni fyrir kvennahreyfinguna.

En þetta virðist vera ofviða þeirri ást og umhyggju sem systrafélagið ber til systra sinna. Enda eru þær konur sem hér er um að ræða, undantekningarlaust ómenntaðar, og þar af leiðandi bara venjulegar konur, þær falla þrí undir vandamál samfélagsins en ekki kvenröttindabaráttu kvennahreyfingarinnar.

Sem betur fer, fyrir íslensku kvennahreyfing-

una, hefur hún því láni að fagna, að starfa við þær aðstæður, að ekki er hægt að bjóða upp á svo kvenlegt misrétti. Kvinnahreyfingin er hópur af menntuðum konum, kvenklíka. Kvinnabarátta erarátta um völd, metorð og hugsanlega frægð sem því fylgir.

Nú, í sjálfu sér er ekkert hægt að gagnrýna kvinnahreyfinguna fyrir það. Þetta er nú það sem allflestir eru að elta. Jafnt háir sem lágir, einstaklingar, samtök, konur og menn. En það er leitt ef kynin geta ekki keppt um þessa hluti á jafnréttisgrundvelli (Maður á Mann), heldur þurfa að rotta sig saman í samtök, til að hafa stuðning af þeim, og smyrja sig einhverjum fölskum forsendum, eins og bróður-eða systur-kærleik.

Það er smekkleysa og skortur á sjálfsvirðingu.

Seinna ætla ég að reyna að fara svolítið í uppruna kvinnahreyfingarinnar, hvaðan hún er sprottin, og upp úr hverju. Ennfremur af hverju hún er tilkomin, hvaða tilgangi hún þjónar, og hvert hún virðist stefna. Ég er hræddur um að konur verði fyrir vonbrigðum með hvað þær eiga lítið í hugmyndinni um kvinnabaráttu, og hversu lítið tilgangur hennar þjónar þeim í reynd. En áður en af því verður, mun ég fjalla um hugtakið: Misrétti kynjana.

H.P.S.

Úthlutun úr Menningarsamskipta- sjóði SÍDS

Næsti frestur til að sækja um styrk úr Menningarsamskiptasjóði að 15.000,— DKR ronnur út þann 15. apríl. Veitt er til verkefna á sviði listaútgáfu og fræðslustarfsemi og ípróttu. Verkefnin skulu vera á þann veg að þau stuðli að auknum samskiptum milli deilda SÍDS eða efli tengsl við íslenska menningu að öðru leiti.

Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- Tilgangur og eðli verkefnis
- Hvar og hvenær af framkvæmd verður
- Framkvæmdaaðili
- Nákvæm kostnaðaráætlun.

Umsóknir sendist til SÍDS, Østervoldgade 12, 1350 Kbh K.

Stjórnin

Íslenzka söfnuðinum berst gjöf

Stuttu fyrir jól barst íslenzka söfnuðinum hér í Höfn prýðileg gjöf frá Gísla Sigurbjörnssyni forstjóra Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar í Reykjavík, sem er þekktur fyrir gjafir sínar til kirkju- og mannúðarmála. Voru það 30 íslenzkar sálmbækur með áletrðu nafni safnaðarins og eru þær hinn bezti fengur, þar sem sálmbækunar, sem fyrir voru, hafa reynzt of fáar í hinum fjölmennu guðspjónustum í Skt. Pálskirkju í haust og vetur. Þá sendi Gíslu 10 gjafaeintök af bókinni Jólin 1983, sem gefin er út árlega. Skulu honum færðar alúðarpakkir.

Á.S.

»Þá hefur hækkunin á heita vatninu numið samtals 119,4 % og á heimtaugagjaldinu 77,5 % á einu ári. Hér er um að ræða samtals 196,9 % hækkun á 12 mánuðum.«

Frétt í Þjóðviljanum 24. jan. 1984, með fyrir sögninni: »Hækkun um tæp 200 % á einu ári.«

Búslóðin heil í höfn

Pegar okkur er trúað fyrir stóru eða smáu innbúi til flutnings milli landa vitum við að góð ráðgjöf og vandvirkni í vinnubrögðum skiptir öllu máli.

Bækurnar, gamli stóllinn, fallega afmælisgjöfin, orgelið. . . allt á sína sögu og er fyrir eigandanum ómetanlegt til fjár.

Við leggjum því mikla áherslu á **öruggan** og **auðveldan** búslóðaflutning með

- hentugum gámum
- sérhönnuðum búslóðakössum fyrir viðkvæma vöru
- jöfnu flutningsgjaldi til helstu hafna landsins
- víðtækri heimsendingarþjónustu

en fyrst og fremst með **góðum ráðum** og **réttum handtökum**.

**Hafið samband við næsta umboðsmann
og leitið frekari upplýsinga.**

Kaupmannahöfn
DFDS A/S
Sankt Annæ Plads 30,
1295 København K
Sími (01) 15 63 00

Horsens
DFDS Bech Spedition
Havnen 43
8700 Horsens
Sími (05) 62 54 44


Flutningur er okkar fag

EIMSKIP

Sími 27100



0603 E2



Grænar tómstundir

Vilborg Ingvaldsdóttir og Sigríður Þorsteinsdóttir opnuðu í mars náttúrulækningabúðina Grønne tider. Þar versla þær adallega með náttúruleg meðul meðan aðrar búðir hafa matvörur sem aðalvöru.

»Við vissum alveg út í hvað við vorum að fara, og vorum öruggar um að þetta myndi takast, okkur gengur mjög vel.«

Þær segjast hafa hóp fastra kúnna, og þetta er fólk sem lengi hefur verið áhugasamt um sál og líkama og því fólk þýðir ekki að reyna að selja eitthvert svindl.

Ég spurði hvernig maður gæti verið viss um að þetta væri allt eins hreint og gott og þær segja?

Jú, þær versla bara við þekkt fyrirtæki sem rannsaka vöruna áður en hún er send til sölu. Og það kemst snemma upp um gróðabraskara á þann hátt.

Það fólk sem hefur borðað hreinan mat lengi finnur líka bragðmun um leið, t.d. ef ávextirnir eru sprautaðir. Þær versla líka með jurtate, koffeinlaust kaffi, brauð, kökur, saftir og snyrtivöru án litar, ilm- og gerviefna. Þær ætla líka að fara að mala sitt eigið korn.

Til fróðleiks má geta þess að ekki, þarf lyftiefni í nýmalað ferskt korn, svo mikill er krafturinn í því nýju! Allar matvörur og grænmeti hjá þeim er náttúrulegt (biologísk) þýðir það að ræktun skeður án notkunar áburðar, gervi- og eiturefna.

Líkamin er það brennsluefni og bygginga-efni sam þú nærir hann á! Þú ert líkami þinn!

Þessar setningar eru þeirra mottó, Villu og Siggú. Hvað um Jane Fonda og öll þessi nýju námskeið og æfingar, megranir og ég veit ekki hvað?

Leikfimi þarf maður ekki til að leggja af, bara að borða hollan mat, sleppa brösuðu, sósum og sulli.

Þá falla kílóin! Eins er það miklu ódýrara að borða ekki kjöt, bara grænmeti, ávexti og brauð.

Tóbak og áfengi? Nei takk, áhuginn hefur horfið og þá löngunin með.

Það sem þær hafa mestan áhuga á eru blómameðul og áhrif þeirra á fólk og dýr.

Þessir undradropar koma frá Dr. Bach, sem uppgötraði þau í 38 draumumun 38 mismunandi blóm, sem læknuðu sjúkdóma sem hann átti engin ráð við.



Þessir dropar rétta af andlegt ójafnvægi sem annars getur leitt af sér líkamlega sjúkdóma.

Þær hafa mörg hundruð sjúklunga í meðferð.

Sigríður er sérhlærð í þessum blómalyfjum og hefur unnið með þau sjálfstætt í tvö ár. Leiðin til að finna hina réttu dropa, er að »pendúlara« og notar hún til þess kristallóð. Passar sú greining yfirleitt mjög vel og segja þær fólk yfir sig undrandi. Sumir gangi jafnvel svo langt að líta á þetta sem einskonar galdra.

En það fólk sem hefur reynt þetta er mjög ánægt með meðhöndlunina.

Eins hafa verið skrifaðar um efnið bækur sem skýra kenningar Dr. Bach's. Svo vil ég benda þeim, sem hafa áhuga á að heyra meira um dropana hans Bachs, að fara og heilsa upp aa þær stöllur.

Ég lofa góðum viðtökum.

Að lokum óska ég Villu og Siggú gæfu og gengis í framtíðinni.

TS

PÁSKAFLUG SÍDS 1984

SÍDS mun standa fyrir ódýrum ferðum heim til Íslands nú um páskana, eins og fyrri ár.

Flogið verður með Flugleiðum á eftirtöldum dögum:

TIL ÍSLANDS	FRA ÍSLANDI
MID 11. apr kl. 16.30	MÁD 23. apr kl. 7.30
FID 12. apr. kl. 14.50	PID 24. apr. kl. 7.30
FÖD 13. apr kl. 13.40	MID 25. apr. kl. 7.30

Allir tímar eru staðartímar. Flugdagur frá Íslandi er óháður brottfarardegi frá Danmörku. Fjöldi sæta er takmarkaður við 90. Við pöntun skal greiða tryggingargjald DKR 200.— inn á gíróreikning SÍDS nr. 3 30 10 60. Fullnaðargreiðsla skal vera komin inn fyrir 28. mars. Bæði flugdaga skal ákveða við pöntun. Hægt er að breyta um flugdaga eftir að pöntun hefur verið send inn, sé pláss fyrir hendi. Miðar verða endurgreiddir fram að brottfarardegi, ef fólk vill.

Verð er eftirfarandi:

Fullorðnir 2.190.— DKR
Börn (2-12) 1.100.— DKR
Smábörn (0-1) 200.— DKR

Allir skattar og skyldur eru innifaldar í verðinu.

ATHUGIÐ

Þessir skilmálar á páskaflugi er einungis fyrir meðlimi SÍDS. Félagar í Íslandingafélaginu í Kaupmannahöfn geta notfært sér þetta tilboð ef þeir ganga í Námsmannafélagið í Kaupmannahöfn eða önnur Íslandingafélög sem eru meðlimir í SÍDS (Odense-Malmö) Pöntunarseðlar til þessara farþega, ef einhverjir verða, munu verða afhentir í Jónshúsi á símatímum SÍDS, gegn framvísun greiðslukvittunar fyrir inngöngu í eitthvert þeirra félaga er standa að SÍDS. Pöntunarseðlar verða sendir út til meðlima FÍNK.

Símatímar verða í Jónshúsi frá og með 20. febrúar á eftirtöldum tímum:

Mánudögum 18.-20.00
Fimmtudögum 16.00-19.00
Síminn er: 01/146035

Góða ferð. Stjórn SÍDS

Páskaflug Íslandingafélagsins

Íslandingafélagið stendur nú í samningaviðræðum við Flugleiðir um Páskaflug til Íslands.

FRÉTTATILKYNNING: A.A. SAMTÖKIN. (ALCOHOLIS ANONYMOUS)

Halda fundi hvern Sunnudag kl. 10.30 í
Jónshúsi (sjónvarpsherbergi).
Sími samtakanna er 01-95 70 96 íbúð 605.

Frá F.í.n.K.

Hallur Kristjánsson (sími: 01-39 26 66 vær. 509) og Ragnar Kristjánsson (sími: 01-55 63 33 vær. 2602) hafa tekið við af Ragnari Þórðarsyni og Sigurði Jóhannessyni í stjórn félagsins.

Lausn á myndagátu í jólablaði

Hátíð jólanna ber þess vott hversu ákaft fólk þyrstir í aðri sannleika fagnaðarerindsins. Verst að klerkar ástunda heldur kredur trúarinnar en kærleika.

Orðsending frá Dansk-íslenska félaginu

Á hverju ári fer fjöldi Íslendinga til Danmerkur og margir eyða þar sumarleyfi sínu. Innan Dansk-íslenska félagsins er töluverður áhugi fyrir því meðal félagsmanna að komast að samkomulagi við Íslendinga í Danmörku um gagnkvæm skipti á íbúðum. Í mörgum tilfellum getur það verið beggja hagar ef tími og aðstæðum manna standast á. Yfirleitt vilja menn eiga við landa sína um slík mál, enda kemur oft í ljós að þeir sem hlut eiga að máli þekkjast eða eiga sameiginlegan kunningja. Þá kemur til greina að einhverjir félagsmanna vorra vilji taka íbúð á leigu í Danmörku fyrir sanngjarnt verð.

Svona hlutir þurfa nokkurn fyrirvara og er því tímabært að kynna þetta málefni í *Þórhildi* með sumarið 1984 í huga. Eru þeir, sem áhuga hafa á því, beðnir að skrifa Dansk-íslenska félaginu, Pósth. 1253, 121 Reykjavík og gera grein fyrir sér og óskum sínum.


Grønne Tider

v/Sigríð Thorsteinsdóttir & Vilborg Ingvaldsdóttir
Pilestræde 37
Tlf. 01-15 90 01

Tilbud på russisk rod
FØR: kr. 103,- NU: kr. 67,-
For mere energi

ALT for krop og sind fra naturen til DIG

Biologisk/dynamiske madvarer
naturmedicin - homøopati - Bachs Blomstermedicin
Biologisk kosmetik - Maurice Messegue
m.m.



orðabókin

helvítis: sjá undir porrablót

bjór: sjá undir húð

handfang: sjá undir hundahald


þórhildur: sjá undir prout

þórhildur: sjá undir protabú (viðminnum á giró
1 56 33 00)

meindýraeyðirinn segir: einn hundur á dag
kemur skapinu í lag



Innrás óransmannana í tilefni af fundi í Jónshúsi 21. nóv. sl.



Þessi mynd sýnir jógann, sem kom í Jónshús 21. nóv. Því miður leyfir prenttæknin okkur ekki að sýna hann í sínum rétta lit: órans.

Það er langt frá að hugmyndir mínar um Yoga fræði séu fullmótaðar en eitt er klárt & það er að þessi hreyfing er mannkyninu ekki til góðs á nokkurn hátt. Yoga fræðin eru ágæt útaf fyrir sig & margt gott í þeirri heimspeki sem lögd er til grundvallar en svona útpynning er fyrir neðan allar hellur. Í þessu tilfelli falbýður sig heilt heimspekikerfi á markaðstorgi fáfengileikans án þess að fram komi hvernig byggja eigi upp hið glæsta fyrirmyndarríki. Maðurinn gerði ekki annað en skammast úti það kerfi sem hér er. Þetta var stöðug fullyrðingaskothrið. Hugmyndafræðingur hreyfingarinnar hefur meirað segja stolist í matreiðslubækur anarkista. Með leyfi að spyrja. Hvað vill indverskur maður uppá dekk í vestur evrópu? Hvers vegna halda þeir sig ekki á sínum heima slóðum. Þar er örugglega hægt að taka til hendinni við að sópa út myrkviðum forn-
eskjunnar. Vestur evrópa á nóg með sjálf sig & ef hún þarf á spámanni að halda verður hann að koma úr röðum íbúa álfunnar.

Aldrei hef ég orðið þess var að Prát félagið alíás ananda marga alias a way of life biði uppá frumlegar framsæknar lausnir á nokkrum hlut í þjóðfélaginu. Heldur lepur það upp & hendir á lofti hugmyndir annarra. Nefna má fyrirbær-
ið girls prát sem er andleg stæling á starfsemi rauðsokka. Allt á að vera svo mannlegt, gott sætt & andlegt. En hvað er mannlegt & hvað ekki. Er ekki allt atferli mannanna mannlegt bæði gott & illt.

Satt er það að auðurinn safnast á fárra hendur & fólk ræður litlu & patentin eru mörg & marga hungrar & þyrstir eftir réttlæti. En eitt patent í viðbót. Andlegt patent til að styrkja & efla «andlegu kreðsana». PÚFF. Töfrabragð. Þvílíkt skrum. Komið & hugleiðið & allt verður gott. Það er það sama &: SLÖKKT Á ÖLLU. Ekkert skár en að sökkva sér oní vímugjafa sjónvarp & jafnvel vídeó gláp. Allir vita hvað mennirnir verða hver öðrum nálægir með því móti. Mótstöðulausir fangar. Óransmennirnir ætla sér að gera fólk að föngum efnisheimsins & andlega heimsins hvorki meira né minna. Uppi yfir öllu trónir svo stóri bróðir. Það nægir að minnast á drenginn sem var í fylgd með meistaranum. Þvílík var ekki auðnin & tómið í augum hans. Þau bókstaflega geisluðu af eynd. Annað hva gúruinn var brattur & glúrin í öllu sínu framferði. Glæsilegur áróðursmaður verð ég að segja.

Nei þetta er ekki leiðin frá kúguninni: Kyrrstæð mótmæli & leiðsla hugans. Við þurfum að berjast með hnúum & hnefum gegn kúguninni eða ganga til liðs við hana hvar & hver sem hún er. En umfram allt. Valið er okkar.

Magnúz Gezzon
Fælledvej 21A
2200 Kbh. N

SKILAFRESTUR
Í NÆSTA BLAÐ:
27. febrúar

DAGSKRÁ-PROGRAM

Febrúar

- Priðjudag 21. **Fundur Norrænafélagsins (Jónshús lokað)**
Foreningen Nordens møde (huset lukket)
- Miðvikudag 22. **Jurtamatur-munið að panta**
Vegetarisk middag — husk at bestille
- Föstudag 24. **Söðin ýsa frá kl. 18.30 — munið að panta.**
Kogt kuller fra kl. 18.30 — husk at bestille.
- Sunnudag 26. **AA-fundur kl. 10.30. Messa í Skt. Paulskirkju kl. 14.00. — Messukaffi í Jónshúsi á eftir.**
AA-møde kl. 10.30. Gudstjeneste i Skt. Paulskirke kl. 14.00.
- Mánudag 27. **Hraðskákmót kl. 20.00 (FÍNK).**
Hurtigskak kl. 20.00.
- Priðjudag 28. **Lokað.**
Lukket.
- Miðvikudag 29. **Jurtamatur, munið að panta.**
Vegetarisk middag — husk bestilling.

Mars

- Fimmtudag 1. **Karlakvöld kl. 19.00.**
Mandeaften kl. 19.00.
- Föstudag 2. **Tónlistarkvöld (FÍNK) M.a nýjar ísl. plötur kynntar. Steikt ýsa frá kl. 18.30.**
Musikaften. Stegt kuller — husk at bestille.
- Laugardag 3. **Húsið lokað vegna árshátíðar F.Í.V.**
Lukket.
- Sunnudag 4. **AA-fundur kl. 10.30-12.00.**
AA-møde.
- Mánudag 5. **Félagsfundur FÍNK, rætt um framtíð Þórhildar, útihátíð í haust, og dagskrána í vor.**
Medlemsmøde FÍNK. Emne: Þórhildur's fremtid, udendørs arrangement til foråret, efterårets program.
- Priðjudag 6. **Lokað.**
Lukket.
- Miðvikudag 7. **Jurtamatur — munið að panta.**
Vegetarisk middag — husk bestilling.
- Föstudag 9. **Svið í Jónshúsi kl. 18.30. Pantið fyrir 8/3.**
Brændte fårehoveder. Bestil senest dagen i forvejen.
- Laugardag 10. **Barnabíó kl. 14.30. Árshátíð íþróttamanna kl. 19.00.**
Film for børn.
- Sunnudag 11. **AA-fundur 10.30-12.00.**
AA-møde.
- Priðjudag 13. **Konukvöld. Gestir frá félagsskapnum »Málfreyjur« koma.**
Kvindeaften. Gæster fra »Málfreyjur«.
- Miðvikudag 14. **Jurtamatur. Auðvitað þarf að panta.**
Vegetarisk mad. Husk bestilling.

DAGSKRÁ-PROGRAM

- Föstudag 16. **Bókmenntakvöld. Einar Már og fleiri koma og lesa upp úr verkum sínum og annarra.**
Litteraturaften. Einar Már Guðmundsson o.fl. læser fra sine egne og andres værker.
- Sunnudag 18. **AA-fundur kl. 10.30-12.00.**
AA-møde.
- Mánudag 19. **Hraðskákmót kl. 20.00 (FÍNK).**
Turnering i hurtigskak.
- Þriðjudag 20. **Lokað.**
Lukket.
- Miðvikudag 21. **Fundur Norrænafélagsins kl. 19.00, húsinu lokað meðan fundurinn stendur yfir.**
Foreningen Norden holder møde, huset er lukket så længe mødet varer.
- Fimmtudag 22. **Almennur kynningar- og umræðufundur um málefni SÍDS kl. 19.30. Framsögumenn — almennar umræður á málefnalegum grundvelli. Meðlimir beggja félaga eru hvattir til að mæta og fræðast um þessi mál. Jurtamatur kl. 18.00. Gott væri ef allir sæju sér færi á að panta fyrirfram. Oplysningsmøde om SÍDS kl. 19.30. (ÍSLF) & (FÍNK). Vegetarisk mad — husk at bestille.**
- Laugardag 24. **Barnabíó kl. 14.30.**
Árshátíð FÍNK í Teatersalen við Bispetorvet, Nørregade, sjá grein í blaðinu.
Børnefilm kl. 14.30. Årets fest hos FÍNK. Sted: Teatret, Bispetorvet, Nørregade kl. 21-03 (?).
- Þriðjudag 27. **Lokað/Lukket.**
- Miðvikudag 28. **Jurtamatur — munið að panta.**
Vegetarisk middag — bestil venligst.
- Laugardag 31. **Músikkvöld! Jam session. Mætið á staðinn og látið gamminn geisa. Saltkjöt og baunir frá kl. 18.00. Pantanir berist í síðasta lagi daginn áður.**
Musikaften! Jam session. Saltkød og bønner fra kl. 18.00. Bestil senest aftenen før.

April

- Sunnudag 1. **AA-fundur kl. 10.30.**
AA-møde kl. 10.30.
- Þriðjudag 3. **Lokað.**
Lukket.
- Miðvikudag 4. **Jurtamatur.**
Vegetarisk mad.
- Fimmtudag 5. **Karlakvöld.**
Aften for mænd.
- Laugardag 7. kl. 20. **Myndbandakvöld Fínk. Heimsókn Ómars Ragnarssonar á torfbæ í Skagafirði, tónleikar Egó og etv. fleira.**
Videoaften.
- Sunnudag 22. (páskadag). **Messa í Skt. Pálskirkju kl. 14.00.**
Gudstjeneste i Skt. Paulskirke kl. 14.00.

Hvað selur þú fram í sumblið?

Seinni hluti

Litið inn hjá Kjartani Ólafssyni ritstjóra, sem skýrir frá penkingum sínum og athugunum þætti úr sögu Íslendinga í Höfn, með Þorleif Repp sem aðalviðfangsefni.

— Nú hef eg heyrt að þú hafir varið drjúgum tíma hér í að rannsaka æviferil og sögu Þorleifs Repp. Hvað getur þú sagt okkur um árangur þess starfs?

— Jú, það má til sanns vegar færa, þótt ekki verði dul á það dregin að allmikið hefi ég líka haldið fram hjá honum, þeim góða manni. En það er spurningin hvað skal taka af öllu því efni sem liggur fyrir um Repp þennan og eftir hann.

Frá því er fyrst að segja að Þorleifur Repp var maður 17 árum eldri en Jón forseti, upprunninn úr Hreppum. Það var ekki óalgengt á 18. öldinni að menn gerðust fjölfræðingar, ef svo má kalla, og líklega má flokka karlinn Repp til þeirrar fríðu fylkingar. Hann var reyndar fæddur fyrir aldamótin 1800, og var á margan hátt með sterkar rætur í 18. öldinni, þótt svo að hann lifði aðallega á þeirri 19. Hann fór utan tvítugur stúdent, og kom aldrei aftur heim lfandi lífs, en dó hér í Kaupmannahöfn, 63 ára gamall. Hér hafði hann dvalist yfir þrjátíu ár af þeim fjörutíu og premur sem hann dvaldist erlendis. Það er ótrúlega lítið sem menn pekkja til Þorleifs Repp, og virðist sem vitneskja um hann hafi dáið út að mestu með þeim mönnum sem pekkta hann persónulega. Menn kannast kannske helst við þá gömlu sögu, er fræg varð, þegar honum var vísað frá við munnlega vörn á magisterritgerð sinni, en hún hafði áður verið samþykkt fullgild til varnar af heimspekideild háskólans. Þessi atburður var lengi í minnum hafður, enda einstakur. Repp var með ósköpum gerður að ef hann reiddist, setti að honum óstöðvandi hlátur. Fjandmaður hans, sem skipaður var andmælandi, þekkti þennan veikleika, og tókst að reita Repp til reiði, og svo fór að háskólafekkari mælti til Repps þessi frægu orð: »Absid risus, absid scurrilitas, des cendéex cathedra scúrri«. Þetta er sennilega það eina sem flestir Íslendingar kannast við um Repp, en sannleikurinn er sá að ævi og æviverk Þorleifs Repp er með þeim hætti að vafalaust hefur margur orðið doktor út á minna en fullnaðarrannsókn á hans »levnad og skrifver«. Í stuttu viðtali eins og þessu verður fátt eitt sagt. Skal hér því stiklað á stóru.

Á Mikjálsmessu, haustið 1849, skrifar Repp Árnesingum bréf, þar sem hann gefur kost á að vera fulltrúi þeirra á Þjóðfundinum, hafandi þá ekki komið til Íslands í 36 ár. Of langt mál yrði að birta bréfið í heild sinni, en nokkrar línur verða þó að koma:

»Frelsi það er forfeður vorir týndu á prettánu öld hefur nú guðleg forsjón eftir sex hundruð ára fært oss aftur, sér til dýrðar en oss til hamingju. Vart þykir mér að kalla megí að mannlegur kraftur eigi hlut í endurburði frelsins á Íslandi, það hefur komið ókallað, svo sem dagur fylgir heimboðslaust göngu sólar, en væri þó vel að vér veittum viðtökur sem bestar svo göfgum og ágætum höfðingja sem frelsið er. Og nú fúsir mig mjög, góðir bræður, eftir þrjátíu og sex ára útivist, að fylla yðvarn flokk er þér fagníð höfðingja þessum og sjá yfirbragð Íslands þess aldna við atkomu hans og ber mér svo fyrir sálarskjáinn, þótt ég sé í fjarska staddur, sem heldur birti yfir Ingólfsfelli og Hestfjalli en niður sé raddfegri og glaðværrí í Þjórsá en verið hefur um sex aldirnar seinni! Síðar í bréfinu ber Repp fram þessa spurningu til sjálfs sín: »Hvað selur þú fram í sumblið?« og svarar á eftirfarandi hátt: »Amstri því gjörvöllu sem Danir hafa haft á seinni öldum í lagasetningum fyrir oss, vil ég að við léttum öllu af höndum þeim, og alla landsstjórn og alla lýðsmentun vil ég efla á Íslandi sjálfu, en Danakonungur staðfesti öll Íslands lög er alþingi setur, en hlýði þó ráði valdsmanns á Íslandi hvort sem hann skal kalla lögmenn eða jarl! Og enn segir: »Frelsi kref ég fullkomið um trú og ræðu og skrift og mannfundi og kaupfundi og alla þá hluti sem Íslendingar höfðu fullt frelsi fyrir árið 1260. Nú bið ég guð að vera með yður og öllum oss og stýra vorum málefnum gjörvöllum sér til lofs en oss til heilla í nafni Jesú Kristí«.

Bréfinu tóku Árnesingar svo vel að hann var kosinn Þjóðfundarfulltrúi þeirra með nær öllum greiddum atkvæðum.

— Gætirðu dregið upp einhverja mynd af manninum Repp, þannig að hægt sé að gera sér einhverja grein fyrir persónuleika hans.

— Til þess að draga upp einhverja mynd af manninum Repp í sem stystu máli, þá vil ég



nefna hér nokkrar andstæður, andstæður sem máske mætti í sumum tilvikum fremur kalla samstæður.

Repp var löngum orðaður við Danahatur, og til dæmis hefur Gröndal eftir honum í Dægradvöl þau orð, að aldrei hafi nokkur maður haft nokkurt gagn af nokkurri danskri bók. Samt var það Repp sem var fenginn til að semja kaflann um danskar bókmenntir í Encyklopediu Britannicu.

Árið 1846 flytur Repp um það tillögu á allsherjarfundi íslendinga í Kaupmannahöfn að hver sá sem gefi sig hér að nokkrum félagsskap, er kenna megi við dönsk stjórn-mál, eða þó ekki væri nema skandinavisma, skuli hann þar með ekki lengur teljast limur í allsherjarfélagi íslendinga. Varð þessi tillögu-flutningur til þess að félagið lagðist niður, því við lá að pingheimur berðist. En það fór nú svo að aðeins tveimur árum síðar, þá var Repp kominn á bólakaf í dönsk stjórn-mál. Hann lét sér ekki aðeins duga að halda hér úti og ritstýra dagblaði, heldur bætti um betur og gaf út sérstakan bækling með stjórnarskráruppka-sti fyrir Danmörku, sem hann hafði sjálfur samið.

Repp virðist á ungum aldri hafa verið sá hópi íslenskra stúdenta fyrir og um 1820, sem gaf sig mest að dönskum málefnum. Hann tekur liðlega tvítugur að rita í dönsk blöð, sem ég hygg að verið einstakt um það ungann mann nýkominn norðan af Íslandi. Hann var einn í sjö manna hópi stúdenta við Hafnarhá-skóla sem 1820 boða til stofnunar »Studenter-foreningen«, þess gamla danska stúdentafé-

lags sem enn starfar. Repp var einnig í nefndinni sem samdi fyrstu lög þessa félags, og í hópi fyrstu stjórnanda þess. Hann var einnig á þessum árum náinn heimilisvinur hjá Rah-bek, páverandi leikhússtjóra við Konunglega leikhúsið, og í miklum bréfaskiftum við Kömmu, konu Rahbeks. Þannig var Repp ungur í félagsskap, helstu bókmennta- og menningarfrömuða Dana á þessum tíma.

En síðar á ævinni gat hann ekki hugsað sér að deila sorg eða gleði með dönskum mönn-um, samanber t.d. bréf hans til Jóns forseta við dauða Alberts Torvaldssens, þar sem Repp stingur upp á því að Íslendingar syrgi Thor-valdsen sér á báti »því ekki mun ég syrgja með dönskum mönnum«. Því síður gat þessi fyrrum góðvinur mætustu menningarfrömuða dansk-ra hugsað sér að liggja dauður í danskri mold, og er frá því sags að það hafi verið honum mest fróun í banalegunni að hafa loforð vina sinna íslenskra að heim yrði hann fluttur dauður með vorskipum, kominn aftur eftir 44 ár. Við það loforð var staðið.

Repp fór 27 ára gamall til London og dvaldi þar á annað ár. Það er í rauninni furðulegt að virða fyrir sér þau nánú tengsl sem þessi ungi íslendingur nær við helstu ráðamenn breska heimsveldisins á örskömmum tíma. Það eitt hefði þótt frásagnarefni um ýmsa aðra. Hann býr í London hjá David Ker, þingmanni í neðri málstofunni og mági Castlereagh, páverandi forsætisráðherra. Þegar menn senda Repp bréf til London, faðir hans gamall og drykkfelldur prestur á Vatnsleysuströnd, eða felagar hans héðan úr Höfn, þá er adressan á bréfinu ekki

eins og parna væri á ferð blásnaður íslenskur stúdent. Utan á bréfunum stendur strífað: Til hans excellence forsætisráðherra breska heimsveldisins. Það var nú meðal annars gert í öryggisskyni svo að bréfin kæmust til skila, og minna umslag haft innaní með nafni Repps. Svona var boðleiðin. En að loknum þessum velsældardögum, sem höfðu mikil áhrif á alla mótum Repps, þá kveður hann gestgjafa sína, valdamestu menn heimsins, og tekur sér gistingu á gistihúsi síðustu nóttina í London. Þar var hann rændur öllu því skotsilfri sem honum hafði verið ætlað til ferðarinnar til Hafnar, og rétt í sama mund skar forsætisráðherra Bretasig á háls. Skál sú saga ekki rakin lengra hér.

Það eru einnig athyglisverðar andstæður sem koma fram í því að Repp þykir á sínum námsárum hér við háskólann slíkt mannsefni að hann er tvívegis kallaður til verðlauna fyrir ritgerðir, annarsvegar í málfræði og hins vegar í fagurfræði. En þegar að því kemur, örfáum árum seinna, að þessi margverðlaunadaður eigi að fá sína magistersgráðu, þá fór sem fór og áður er nefnt. Aldrei fékk Repp leiðréttingu þeirra mála, og mátti láta sér nægja að bera titilinn: Kandidatus filosofíe, sem ædsta námstitil sinn til æviloka.

Gísli Brynjúlfsson kom hingað árið 1845 og skrifaði hér sína þekktu Dagbók í Höfn 3 árum síðar. Af eldri mönnum eru það fyrst og fremst Repp og Jón forseti sem veita honum handleiðslu, ungum dreng, og Gísli hefur margt frá þeirra viðskiftum að segja. Hann kemur heim á Garð eitt kvöldið og hefur þá gengið með Þorleifi Repp lengi dags, og skrifar þá í dagbókina: Hojreka, hojreka, þetta gríska fagnadarorð, (Ég hef fundið það). Og hvað skyldi það svo hafa verið sem Gísli hafði fundið á göngunni með Þorleifi Repp. Það var kommúnisminn — hvorki meira né minna — og var þetta þó áður en kommúnistaávarpið hafði borist út um veröldina. Þetta er sennilega eitt fyrsta dæmið um að þetta orð, sem seinna varð svo vöðalegt í margra augum, sæist í íslensku máli. Því var hinsvegar þannig farið með Repp, viðmælanda Gísla á þessari merkilegu göngu, að það er með öllu útilokað að kenna hann við nokkrar þær hræringar sem tengja megir við kommunismann fyrr né síðar. Þorleifur Repp var aðdáandi pólitískrar jafnvægislistar á enska vísu, þar sem aristokratíið var talinn bráðnaudsýnlegur tengiliður milli einveldis og lýðræðis.

Repp gaf, sem áður sagði, kost á sér á þann fræga þjóðfund um miðja síðustu öld, þótt dvalið hefði erlendis í 37 ár þegar fundurinn var haldinn. Það liggur við að segja megir, sem

De Sermone Tentamen,

composuit

Thorleifus Gudm. Repp,

Bibl. Jurisc. Edinb. Bibl. L. N. F. F. & L. I. B. F.

Annot. Hæc tentamen auctor pro more solemnium Universitatis haviensis, cum approbatione Ord. Philos. haviensis. subjecit publico examini eruditorem, pro grada Magisterii Artium obtinendo, defenditque in colloquio publico Die. 8^{vo} Id. Febr. A. 1826, respondente Ornat. Haldoro Einarsen, Juris Studioso Islandico.

Havniæ MDCCCXXVI.

Typis Directoris *Jani Hostrup Schultzei,*

Anlæ et Universitatis Typographi.

Titilblað á magisterritgerð Þorleifs Repps. Ritgerðin hafði verið samþykkt til varnar, en við hina munnlegu vörn tóku málin aðra stefnu.

er einsdæmi í okkar kosningasögu, að hann hafi verið kosinn í tveimur kjördæmum. Þannig er mál með vexti að í Reykjavík fóru fram prófvöl fyrir þjóðfundinn strax árið 1849, og þótt Repp hefði ekki leitað eftir stuðningi í Reykjavík, þá varð hann samt langhæstur í prófkjörinu í þessari verðandi höfuðborg Íslands. En Reykjavíkingar fréttu seinna af því að Repp hefði sent Árneseingum bréfið, þar sem hann gaf kost á sér í framboð í sínu fæðingarhéraði, og völdu þar af leiðandi aðra fulltrúa þegar að kosningunum kom. Repp bar kosinn í Árneseýslu með miklum yfirburðum. Hann fékk 271 atkvæði en til samanburðar má nefna að Jón forseti fékk ekki nema 50 atkvæði í Ísafjardarsýslu, sem þó var litlu fámennari en Árneseýsla að íbúafjölda. Það hefði vissulega verið gaman að sjá ræður Þorleifs Repp í þjóðfundartíðindum. Hann hefði trúlega ekki setið þegjandi á þeirri merku samkomu, en andstæðurnar komu fram í því að sá sem hafði verið til kallaður í tveimur kjördæmum komst aldrei á fundinn vegna sjúkleika.

Repp var sagður heitastur þjóðernissinni allra Íslendinga á sinni tíð, en lesi maður það sem eftir hann liggur, þá er ekki síður áberandi

að hann hefur fylgst náið með atburðum um víða veröld, og flytur í blöðum þeim er hann ritstýrði fréttir, og það nú væri kallað fréttaskýringar, af atburðum um allan heim og hikað ekki við að hafa sínar meiningar um allt sem gerist í veröldinni. Telur sig reyndar oft vita betur og skilja skár en flestir aðrir. Mér sýnist að enginn Íslendingur hafi fylgst með heimsviðburðum til jafns við Repp á sínum tíma, enda kunni hann ekki færri en 12 tungumál, og kenndi Carólinu Amalíu, Dana-drottningu, ensku, en Ohlenschläger latínu.

Þegar Íslendingar efndu til samsætis fyrir Saimerd og félaga hans, er þeir komu úr Íslandsleiðangrinum 1839, og Jónas Hallgrímsson flutti Gemair hið kunna kvæði sitt »Þú stóðst á tindi Heklu hámm«, þá var það auðvitað Repp sem af hálfu Íslendinga var til þess kvaddur að flytja ræðu á frönsku fyrir minni þessa ágæta Fransmanns og þótti takast af snilld. En þegar Frakkar, sextán árum síðar, fóru þess á leit að fá heimild til að setja á stofn franska útgerð og fiskverkun við Dýrafjörð, þá var það enn Þorleifur Repp sem hafði forgöngu um liðsafnað Íslendinga í Höfn gegn slíku áformi, og vildi einskis fangstaðar ljá erlendum stórpjóðum á sínu gamla ættlandi. Þá átti hann skammt eftir ólifað.

Ég nefni enn það sem flokka má til andstæðna að Repp var með eindæmum ákafur baráttumaður fyrir prentfrelsi og tjáningarfrelsi á öllum sviðun. Hann var þrívægis ritstjóri danskra blaða og gaf tvö þeirra út sjálfur. Hann ritstýrði hér dagblaði tíu árum áður en blaðaútgáfa hófst á Íslandi með Þjóðólfi, sem reyndar var nú bara hálsmánaðarblað í fyrstu. Repp ritaði auk þess fjöldann allan af blaðagreinum um hin margvíslegustu efni í blöð hér í Kaupmannahöfn og einnig nokkuð í Englandi. Ég hef nú undir höndum um eða yfir hundrað slíkar blaðagreinar. Mér er samt ekki kunnugt um að hans sé nokkurstaðar getið í sambandi við sögu Íslenskrar blaðamennsku, og ritverk hans önnur, mörg og mikil, eru óvída til í bókahillum.

— Jæja Kjartan, þetta er nú orðinn æði mikill fróðleikur um þann ágæta mann Repp. Þú vildir kannske slá botninn í þetta með einni sögu í viðbót.

— Jú, þannig mætti lengi rekja andstæður og samstæður hvað varðar líf og starf Þorleifs Repp. Rúmsins vegna læt ég hér staðar numið. Ég vil samt láta þess getið að ein allra fyrsta blaðagrein Repps, sem birtist í »Köbenhavns Skilderier« árið 1819, var harðskeitt ádeila á Grundtvig, vegna formála þess sem Grundtvig hafði samið fyrir útgáfu sinni á Noregskonun-

gakroniku. Repp þótti Grundtvig skilja lítið í Snorra og Íslendingum yfirleitt. Ein síðasta grein Repps var hinsvegar skrifuð gegn Grími Thomsen, sem Repp taldi að heimildarlaust hefði, fyrir hönd Íslendinga í Kaupmannahöfn, mælst til vináttu við Svía, þegar hreyfing Skandinavismans var að komast á strik á sjötta áratug síðustu aldar. Þessi grein, sem birtist í Flyveposten, einu ári fyrir dauða Repps, kallaði á kæru og málaferli af hendi Gríms og einnig á opinber mótmæli 25 Íslendinga í Höfn sem þótti ómaklega vegið að Grími. Í þeim hópi var m.a. Jón forseti, sem annars var tengdur Þorleifi sterkum vináttuböndum, og sést það kannske best ef skoðað er það mikla bréfasafn sem fyrir liggur frá ekkju Repps, að honum dauðum, til Jóns forseta.

Karlinn Repp lét sér hins vegar hvergi bregða við skjaldarburð þessara 25 fyrir Grími og svaraði aftur að bragði. Það hefur örugglega verið í þessum sviftingum, að til varð vísa, er finnst krotuð á eitt þeirra mörgu blaða og bréfa er Repp lét eftir sig. Vísan er svona:

Sullara bullara, satt er þetta
Sænski Grímur er fullur þretta
Fantara gantara, hanan fór að þinga
með fimm og tuttugu íslendinga.

Ekkert höfundarnafn fylgir vísunni á þessu blaði, en ég þykist þess fullviss, að Konráð sé höfundurinn og hafi laumað henni að Repp, honum til hughreystingar í þessum hrellingum. Reyndar var Repp nokkuð fyrir yrkingar sjálfur, en það er ekki hans stíll, á þessari vísu, og sést það kannske best ef ég læt hér fylgja í lokin eina vísu sem Repp er sannur höfundur að:

Grænum lauki gróa tún
gyllir sóley hlíðar syllur.
Færa vikur flyðru á vori
fuglar syngja í trölladyngjum.
Sauðir strjálást hvítir um heiðar
hossar laxi straumur í fossi.
Bella prumur á brúnum fjalla
blár es hifinn, snarpur es Kári.

Að þessu viðtali loknu settumst við Kjartan að tedrykkju og sýndi hann mér þá m.a. ljósrít af bréfum Repps til Jóns forseta. Voru þau skrifuð undir ákaflega mismunandi kringumstæðum og lýstu vel þeim aðstæðum sem þessi mikilhæfi maður bjó við hér í Höfn. Un síðir kvaddi ég þó eftir að hafa pakkað Kjartani með virktum fyrir frásögnina af Þorleifi Repp, sem hafði verið mér að mestu ókunnur, svo og fyrir annan fróðleik þessa kvöldstund.

Húsnæðissamvinnufélög

Föstudaginn 25. nóvember var haldinn í Jónshúsi fjölmennur fimm manna kynningarfundur um húsnæðissamvinnufélög. Húsnæðissamvinnufélög eru nýtt fyrirbrigði á Íslandi, en t.d. reistu slík félög um 20 % af öllum nýjum íbúðum í Svíþjóð á síðasta ári. Ef allt gengur að óskum gætu fyrstu íbúðirnar sem Íslendingar koma sér upp á þennan hátt verið tilbúnar eftir 3-4 ár. Gert er ráð fyrir að menn greiði 5 % af byggingarverði þegar þeir flytja inn, en síðan greiða þeir eins konar húsaleigu. Íbúðunum er alltaf úthlutað til þeirra sem hafa verið lengst í félaginu, þannig að þeir sem hafa áhuga ættu að ganga í það sem fyrst.

Ekki er hægt að segja mönnum upp þessum íbúðum. Búseturétturinn gengur í arf. Má segja að fólk hafi þarna sama rétt og eigendur venjulegra íbúða, nema hvað ekki er hægt að selja íbúðirnar. Flytji fólk burt það 5 % byggingarkostnaðar endurgreidd með verðbótum.

Að sögn fulltrúa íslenskra húsnæðissamvinn-

ufélagsins veltur mikið á því hve há lánfélagið fær frá Húsnæðismálastjórn. Vonast er til að allt að 80 % af byggingarkostnaði staðalíbúðar fáið lánaður, en það er mun meira en einstaklingar fá. Greiðslur íbúa eiga aðeins að nægja fyrir lánakostnaði og rekstri. Mánaðarlegar greiðslur verða sennilega svipaðar og á almennum leigumarkaði, eða heldur lægri.

Mikill áhugi hefur verið á húsnæðissamvinnufélaginu heima og einnig meðal Íslendinga á öðrum Norðurlöndum. Félagið var stofnað um miðjan október og þegar eru yfir 500 manns gengnir í það. Þeir, sem vilja ganga í félagið eru beðnir um að senda nafn, nafnnúmer (eða fæðingardag og ár), heimilisfang og símanúmer er til Húsnæðissamvinnufélagsins, Skrifstofu leigjendasamtakanna, Bókhöfustíg 7, Reykjavík. Árgjald er 500 íslenskar krónur. Meiri upplýsingar (kynningarbæklingar) fást í Jónshúsi, eða hjá Sigurði s. 556333/vær. 6109.

Árshátíð Námsmannafélagsins 24. marz

Námsmannafélagið heldur árshátíð í hjarta Kaupmannahafnar, *Teatersalen við Bispetorvet* (við Nørregade gegnt turni Frúarkirkju) laugardaginn 24. marz. Inngangur kostar 40 kr. Hátíðin hefst kl. 21 með gamanmálum Sigurðar Einarssonar formanns. Síðan verða skemmtiatriði og hljómsveit leikur fyrir dansi frá kl. 23 og fram á nótt. Veitingar verða seldar á lágu verði.

Stjórnin

Húsnæði vantar

Hjón með tvö börn óska eftir húsnæði í Kaupmannahöfn eða nágrenni frá ca. 1 marz næstkomandi og í 6 mánuði. Nánari upplýsingar í síma 01-95 14 43 eða hjá Ásdísi Gunnarsdóttur Ljárskógum 18/109 Reykjavík.

Optimisme! Hvad er optimisme?

Det første digt i Halldór Laxness' digtsamling begynder således:

*»Snart kommer en bedre tid med blomst på mark,
søde, lange sommerdage«*

I disse ord ligger der optimisme, et håb om en skøn fremtid. Men den sande optimist lever ikke udelukkende i det skønne håb om en verden, der bliver bedre. Han tager også initiativer, for at håbene kan blive til virkelighed.

Den mand, som vi kan takke for at vi er samlet her i dag i en meget glædelig anledning, er optimist, direktør for et stort foretagende, Hr. Peter Brøste. Han har ikke stillet sig tilfreds med at fostre lysegrønne håb om fremtiden i sit stille sind. Han har tillige på forskellige områder gjort en indsats, for at håbet om »en bedre tid med blomst på mark, søde lange sommerdage« kunne blive til realitet.

En af de ting han har gjort i denne forbindelse er, at han har stiftet en fond, som hvert år tildeler en islandsk kunstner en storsindet pris. De eneste betingelser for tildelingen af prisen er, at kunstnerens værker og indstilling bærer præg af optimisme — af den slags optimisme, som gør livet bedre og som forskønner det. For dette ædelmod er islandske kunstnere, og faktisk islændingene i det hele taget, hr. Peter Brøste taknemlige.

Denne gang er valget af prismodtager faldet på en musiker, fru Þorgerður Ingólfsdóttir. Hun har oprettet et blandet kor af gymnasieelever, som ikke alene er i forreste række blandt kor i Island, men som også i international sammenhæng har vundet talrige belønninger. I sin tid fordredes der ikke blot megen optimisme for at oprette et elevkor og give det den opgave at opfylde de strengeste kunstneriske krav. Det lykkedes. Og samtidig har de unge menneskers store succes gjort dem mere optimistiske over for livet og fremtiden og er derved blevet en kilde til glæde og lykke.

Måske er musikken den reneste og smukke-

ste af alle kunstarter. Den har den frieste adgang til menneskets hjerte.

Schiller udtalte om musikken:

Leben atme die bildende Kunst, Geist
fordr' ich vom Dichter,
Aber die Seele spricht nur Polyhymnia aus.

Billedkunst giver livet ånde, ånd
fordrer jeg af digteren,
Men kun musik giver sjælen stemme.

Det kan lyde som et forkert udtryk, men er dog ikke desto mindre sandt, at god musik bliver hverken komponeret eller fremført uden stor kunstnerisk begavelse og megen lærdom, men ingen af delene er nødvendige for at nyde den. Selv om det at komponere musik kræver et udviklet intellekt forbundet med et rigt følelsesliv, så taler den først og fremmest til tilhørerens følelser og ikke til hans intellekt, den styrker og beriger dem og hjælper således den, som åbner ører og hjerte for den.

Det er almindeligt i teknikkens tidsalder at ville forstå alt muligt. Jeg synes ikke, man bør forsøge at forstå musik, eller kunst i det hele taget. Hvem forstår lysets skønhed, blomstens duft, tonens ynde, hvem forstår barnets øjne, vennens håndtryk, elskovens trolddom?

Meget af det, der er mest værdifuldt i vort liv, er af en sådan art, at vi ikke kan købe det for penge, men må modtage det som en gave fra lykken, — det er sådan, at vi ikke kan forstå det, men kun nyde det som en nådegave.

På denne måde forholder det sig med al sand kunst. Den kommer ikke fra en verden, der kan undersøges og forstås. Ikke desto mindre kan den være en kilde til skønhed og kraft, den kan varme og glæde, vække og ægge. Al sand kunst bærer et budskab fra

menneske til menneske, den gør livet rigere, mere frugtbart end det var, og mennesket mere modent, mere sandt.

Kunsten spiller i dag en større og vigtigere rolle end nogen sinde tidligere i menneskehedens historie. I går havde naturen magt over mennesket. I dag har mennesket magt over naturen. Nu er mennesket ikke blot herre over jorden. Det er også ved at blive herre over rummeligheden. Men hvordan er det menneske, som nu holder atomkraftens scepter i sine hænder? Hvorledes er det menneske, som nu med fuld fart er på vej til andre planeter med den hensigt at lægge dem under sine fødder? Ser det optimistisk på menneskets fremtid, er det udstyret med den gode vilje som er nødvendig for at få de optimistiske ideer til at gå i opfyldelse?

Det er det største og alvorligste symbol på den tid, vi lever i, at mennesket har opnået magt over naturen, før det har opnået magt over sig selv. Muligvis var det samvittigheden, som først adskilte mennesket fra dyrene. Men det var kunsten, der gjorde det civiliseret. Nu — i teknikkens tidsalder, i kernekraftens og

rumfartens tidsalder — er det kunstens opgave at beskytte mennesket, menneskesjælen, menneskeværdigheden mod maskinernes overmagt. Lige som samvittigheden gjorde dyr til menneske, således må kunsten nu værne mennesket mod, at maskinerne når at underkue det. Kunsten må hjælpe det til at få magt over sig selv. For at det kan gennemføres er det nødvendigt at have optimisme, og vilje til at ofre til fordel for ideerne om et smukkere menneskeliv.

I kunstens verden spiller musikken en stor og hæderkronet rolle. For den som åbner sit hjerte for god musik, lukker der sig en vidunderlig verden op. Musikken har favnen fuld af skønhed, den bringer varme hvor der var koldt, den gør ondt til godt, den lyser op i mørket, den gør den fattige rig. Det er musikkens vidunderlige hemmelighed, at den tolker det der hverken bliver sagt eller fortiet.

Þorgerður Ingólfssdóttir tjener denne fornemme kunst, af optimisme. Og for at styrke en sådan optimisme har hr. Peter Brøste rakt hånden frem, i ædelmodighed.

Philip W. Franksson sýnir olíumálverk í Jónshúsi 9.2-3.3 (Önnur einkasýning hans)

Menntaður í Myndlistaskóla Íslands, Reykjavík 1975-1975 og 1979-1982. Einnig í Ny Carlsberg glyptotek hjá Asken Jensen. Hefur nýlega sýnt í Tåstrup.

Frá veitingamönnum í Jónshúsi

Framvegis verður lokað kl. 20.00 á sunnudögum nema annað sé tekið fram í dagskrá. Jafnframt er nú lokað á þriðjudögum í stað mánudaga áður. Við biðjum fólk eindregið um að panta ef það hefur hugsað sér að koma og borða. Síminn er 01-13 79 97. Vart þarf að taka fram að alltaf er eitthvað gott á boðstólum.

Helgarkaffisopinn og heimabakkelsið nýtur æ meiri vinsælda.

Verið ávallt velkomin í Jónshús
Kveðjur
Vertarnir

Saga heyrir nú sögunni til

Fyrir jólin urðu miklar deilur um breytingar á sögukennslu heima á Íslandi.

Saga er nú að hverfa af stundatöflum grunnskólanema. Ásamt landafræði, áttthagafræði og félagsfræði fellur hún undir *samfélagsfræði*.

Ein meginbreyting er gerð á kennslunni.

Gamla sagan rakti merkustu *atburði* sögunnar og greindi frá þeim *einstaklingum*, sem þar voru aðalpersónur. Nýja sagan leggur áherzlu á *samfélag* fyrri alda, atvinnuhætti, lífskjör og þjóðhætti.

Auk þess ná nýju bækurnar aðeins yfir u.þ.b. 130 ár þannig að þetta er ekki samfelld saga heldur aðeins slitrur. En það stendur til að bæta fleiri bókum við síðar.

Í viðtali við Morgunblaðið nefnir Erla Kristjánsdóttir námsstjóri í samfélagsfræði m.a. tvær ástæður til þessara breytinga. Í fyrsta lagi sé komið í veg fyrir óparfa endurtekningu með því að steypa skyldum greinum saman. Í öðru lagi segir hún að hið gamla námsefni hafi að mörgu leyti verið of erfitt og þar sé ekki tekið nægilegt tillit til þess þroskastigs sem börnin séu á. Orðrétt segir hún: »Í stað þess staðreyndalærdóms sem einkenndi margt fyrra námsefni er stefnt að auknum skilningi nemenda á því sem þeir eru að fjalla um. Nú í samfélagsfræðinni er gert ráð fyrir að nemendur séu í fyrsta sæti, hingað til hefur sagan sjálf skipað það sæti.«

Þetta kemur fram í frásögn Guðmundar Magnússonar í Morgunblaðinu 13. nóv. síðastliðinn.

Mörgum brá við fréttir um styttingu og umritun Íslandssögu í skólum, enda er hún ein af undirstöðum íslenzks þjóðernis. Áttu menn t.d. erfitt með að trúa því, að ekkert væri minnzt á Siðaskiptin eða Sturlungaöld í nýju námsefni grunnskólanema. Í grein í DV 23. nóvember segir Ingvar Sigurgeirsson starfs-

maður í Námsgagnastofnun, að um Jón Arason sé rætt í kirkjusögu. En hann segir að auðvitað verði fjallað um Sturlungaöld í samfélagsfræði. Hins vegar hafi vafizt fyrir mönnum hvar ætti að koma henni fyrir, því að kennarar hafi talið þessa ófriðaröld illskiljanlega ungum börnum. Helzt sé rætt um að þetta verði námsefni unglinga, og verði þá lögð áherzla á að athuga orsakir og afleiðingar átakanna.

Í fyrri sögubókum var án efa lagt of lítið upp úr þjóðfélagsskipun og kjörum fólks. En ég held, að með því að hlaupa yfir pólitíska sögu og einstaklinga, sé sleppt því, sem glæðir söguna verulegu lífi.

— Einnig er ljóst, að námsefnið er styttr verulega og það þykir mér miður. Eins og einhver benti á, geta börn ekki skilið það, sem þau ekki kunna.

Í Danmörku var sögukennslu í grunnskólum breytt á svipaðan veg fyrir nokkrum árum. Þar fellur saga nú undir samsetning, sem nefnist orientering. Viðmælandi minn kallaði kennslubækurnar myndabækur, sem væru út af fyrir sig ágætar, en segðu allt of lítið. Í menntaskólum er ekki kennd samfelld saga, heldur velja menn sér stutta, afmarkaða þætti, t.d. fasismann, iðnbyltinguna eða seinni heimsstyrjöld.

Nú er það orðið til vandræða hve ungir Danir eru illa að sér í sögu. Ég hef tekið eftir þessu í hagsögutímum í haust (ég les hagfræði við háskólann). Þegar kennaranum þykir þekkingarleysi manna keyra úr hófi á hann til að tauta mæðulega: »Æ, hvernig læt ég. Ég var næstum búinn að gleyma, að það er hætt að kenna sögu.«

Samt á nú að fara að apa þetta eftir heima.

Sigurður Jóhannesson

Skerðingu námslána mótmælt



1. des. mótmæltu um 60 Íslendingar í bænum aðför skammsýnnna manna að námslánakerfinu. Gengið var frá Ráðhústorgi og haldinn stuttur fundur við Sendiráð Íslands. Sigurður Einarsson og Gunnlaugur Júlíusson ávörpuðu fundinn. Fundarmenn hrópuðu vígord og sungu ættjardarljóð, s.s. Fyrir var oft í koti kátt og Nú er frost á Fróni (um þetta leyti voru sumarhitar um allt Ísland). Í ályktun fundarins sagði m.a.: »Fari svo fram sem horfir, að lán

verði skert verulega, hefur það fyrst um sinn tvennt í för með sér: A) Fjöldi fólks flosnar úr námi ... b) Náð verður aftur forréttindi hinna efnameiri.« Samþykktin var afhent Birgi Möller sendiráðsritara, en sendiherrann hafði flúið land af ótta við óeirðir. Eftir mótmælin var fullveldisdagurinn haldinn hátíðlegur í Jónshúsi.

SJ



POSTADRESSERET AVIS

NAPOLEON M DJURHUUS

RADMAND STEINS ALLE 27-3 TV
2000 KØBENHAVN F

Í sumaráætlun okkar verður takmarkaður
sætafjöldi í ákveðnum ferðum til Íslands
á hinum lágu APEX fargjöldum.

Lægstu fargjöldin eftir 1. apríl verða:

Rauður APEX kr. 2.700,-

Grænn APEX kr. 3.855,-

(+flugvallarskattur kr. 85.-)

FULLUR BARNAAFSLÁTTUR

Pantið og greiðið áður en vinsælustu
ferðirnar verða uppseldar.

Góða ferð heim.



Vester Farimagsgade 1·1606 København V

Sími (01) 12 33 88